

Orkufjarskipti hf.
Benedikt Haraldsson,
verkefnastjóri
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. júlí 2013
Tilvísun: UST20130600200/bs

Ljósleiðaralögn - frá Höfn að tengivirki Landsnets að Hólum. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkufjarskipta hf. dags. 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Ráðgert er að leggja ljósleiðara 6,6 km leið frá Höfn að tengivirki Landsnets að Hólum. Ráðgert er að grafa strenginn niður um 1,5 km leið frá Höfn að Skarðsfirði. Þaðan verður strengurinn plægður niður 5,1 km leið að tengivirki. Á þessum kafla verður núverandi háspennulínu Landsnets fylgt.


Ljósleiðarinn verður lagður á kafla innan svæðis nr. 629 á náttúruminjaskrá.


Náttúruverndargildi svæðisins er helst talið vera lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi.

Plæging jarðstrengja hefur sýnt sig að hafa óveruleg áhrif utan plógfarsins, ef vel er að verki staðið. Umhverfisstofnun telur að ef ljósleiðarinn verður plægður niður þar sem áður hefur verið farið meðfram núverandi háspennulínu muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á verndargildi Skarðsfjarðar.

Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd, en ítrekar nauðsyn þess að fara varlega um svæði á náttúruminjaskrá sem og önnur vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar, s.s. votlendi sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur